

„Management of Change“

Ráðstefna í Graz í Austurríki
2. - 4. Júlí 1998

Skýrsla fyrir menntamálaráðuneytið
Ásta Richardsdóttir

Í júlí s.l. var haldin í Graz í Austurríki ráðstefna á vegum austurrískra stjórnvalda þar sem fjallað var um umbætur í menningarstjórnsýslu í ljósi aukinnar samvinnu Evrópulanda. Ása Richardsdóttir sótti ráðstefnuna að tilhlutan menntamálaráðuneytisins. Skýrsla hennar um ráðstefnuna fer hér á eftir.

INNGANGUR

Dagana 2. - 4. júlí 1998 sótti undirrituð ráðstefnu fyrir hönd menntamálaráðuneytisins í Graz í Austurríki sem bar yfirskriftina **Management of Change - Cultural Aspects of European Integration and the Enlargement of the EU - Questions of Qualification and Employment in the Context of the Reforms in Public Cultural Administration.** “

Ráðstefnan var haldin í tilefni þess að deginum áður tók Austurríki við forsæti í Evrópusambandinu og hafa austurrísk yfirvöld ákveðið að leggja áherslu á menningarmál á forsætistíma sínum.

Ráðstefnan var skipulögð af samtökunum Kultur Kontakt (1) að beiðni austurríska kanslaraembættisins með stuðningi austurríska mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Eins og yfirskriftin ber með sér var tilgangur ráðstefnunnar að ræða breytingar í evrópskri menningarstjórnsýslu í ljósi sameiningarumræðunnar í Evrópu og stækkunar Evrópusambandsins. Mikil umræða fer nú fram í flestum löndum Evrópu um með hvað hætti gera má umbætur í menningarstjórnsýslu og í menningarstofnunum og hvernig skapa megí frekari möguleika til menntunar fyrir starfsfólk á sviði menningar.

Ljóst er að forsendur umræðunnar eru mjög mismunandi eftir löndum og verður komið að því síðar í þessari skýrslu.

Ráðstefnan tók mjög mið af þessari umræðu og skilaði bæði praktískum tillögum sem og almennari niðurstöðum. Þær verða kynntar á ráðherrafundi Evrópusambandsins í Linz í október n.k.

RÆÐUR

Ráðstefnan var haldin í Palais Attems í miðborg Graz og hófst að kvöldi 2. júlí með þremur opnunarræðum tveggja rithöfunda og eins heimspekings. Sú sem mér þótti hvað athyglisverðust var ræða slóvenska rithöfundarins Drago Jancar (2). Þar fjallar hann um hvernig Austur-Evrópa og sérstaklega heimaland hans Slóvenía hefur á örfáum árum breyst úr landi bókmennata og lista í land sjónvarps og tölvubúða og hverjar afleiðingar þessa eru.

Ég tók eftir því hversu fáir listamenn höfðu verið sendir eða boðnir til ráðstefnunnar og tel ég að hún hafi að vissu leyti liðið fyrir það. Af 87 þátttakendum voru aðeins fjórir listamenn, þar af þrír rithöfundar.

Ógjörningur er að fjalla ítarlega um allar ræður sem fluttar voru en þær verða gefnar út með lokaskýrslu ráðstefnunnar síðar á þessu ári.

Auk ræðu Drago Jancar óskaði ég eftir að fá strax innlegg tveggja annarra manna, þeirra Theodor Adams (3), deildarstjóra í hollenska menntamálaráðuneytinu og Simon Mundy (4), rithöfundar frá Wales, og eru þær meðfylgjandi.

Ræða Mundy var hugleiðing um hlutverk menningarembættismannsins og með hvaða hætti hann getur best rækt það hlutverk. Hann líkti embættismanninum við garðyrkjumann sem þarf að vita hvar þarf að bæta jarðvegin, hvar á að planta og hvar þarf að grisja. Í lok ræðu sinnar fjallaði Mundy óformlega um þróun menningarmála innan Evrópusambandsins og gagnrýndi harðlega Culture 2000 áætlun Sambandsins og sagði hana fela í sér 43% lækkun á framlögum til menningarmála. Var það staðfest af fulltrúa Evrópusambandsins á ráðstefnunni, Aristotelis Bouratsis. Að öðru leyti var ekkert fjallað formlega um Culture 2000 á ráðstefnunni en í óformlegum samtölum varð ég vör við miklar efasemdir um ágæti áætlunarinnar, jafnt frá fulltrúum frá Evrópusambandslöndunum sjálfum sem öðrum löndum.

THEADOOR ADAMS

Ræða Theodor Adams var, að mínu áliti, mikilvægt innlegg í umræðuna á ráðstefnunni, þ.e. hverju þarf að breyta í evrópskri menningarstjórnsýslu.

Hann notaði eigið land sem dæmi og lýsti þróun menningarstefnu stjórnvalda í Hollandi á þessari öld, mistökum sem gerð hafa verið og hvaða lærdómur var dreginn af þeim. Þessa þróun sagði hann hafa verið nauðsynlega og að hún hafi orðið til þess að skapa þau hugtök, tungutak og aðferðir sem notaðar eru í menningarstjórnsýslu í Hollandi í dag. Áður hafi verið litið á menninguna sem eins konar afgangsstærð í samfélaginu en stoðir hennar séu nú tryggar í lögum, sérstök löggjöf hefur verið sett um menningarstefnuna sjálfa, gerð sé fjögurra ára áætlun í menningarmálum, sett á fót sérstök ráðgjafanefnd og skipulagt samstarf og ráðgjöf sé milli ríkisins og annarra yfirvalda í landinu og í mikilvægum málum er ábyrgð deilt milli þeirra .

Hér á eftir er tilvitnun í ræðu hans:

_ Actually, now that cultural policy's own place is no longer in dispute, it is interesting that all of a sudden there also exists room to see how cultural policy can interrelate with other areas of policy, and how culture as an area in its own right can play a

role in other social processes. Looking back we can see a pattern. The culture sector's position as a formal part of welfare policy served to emphasize its own individuality. The relationships with education, ethnic minorities, the development of a civil society and so forth, become more obvious as the treat to this individuality lessens.

Splendid isolation is no longer seen as a strength.“

Adams lagði áherslu á að menningarstefnu sé ekki ætlað að skapa menningu heldur skapa bestu hugsanlegu skilyrði fyrir menningarstarfsemi.

Ef menningarstefna á að vera eitthvað meira en tímafrek aðferð til þess að deila fjármagni milli einstaklinga og stofnana, sem fá fjármagnið hvort sem er, þarf eitthvað meira að koma til.

Stjórnvöld þurfa að hafa hugrekki og getu til þess að verða áhrifamikill samningaaðili í menningargeiranum. Þau eigi að deila út fjármagni á grundvelli samstarfssamninga og sanningsaðilar eigi að geta svarað fyrir hvernig því fjármagni er ráðstafað. Hlutverk stjórnvalda sé ekki að segja menningunni fyrir verkum hvað varðar innihald en þau eigi ekki að deila út fjármagni án eftirlits.

Þau eigi að geta spurt hvort stofnanir séu nógu vel reknar, hvort stofnanir fylgi einhverjum gæðastuðli, hvort þær leggi of mikla áherslu á ákveðinn hóp í samfélaginu svo dæmi séu tekin.

_ There are financial limits. There are criteria of effectiveness to be observed. There are yardsticks of quality. There are considerations of geographic distribution. And there are also questions of diversity - possibly the most difficult consideration to get to grips with.“

Stjórnvöld þurfa einnig að ákveða hvort menningarstofnanir sem þau gera samninga við hafi menntunarskyldu gagnvart almenningi og ef svo er með hvaða hætti þær eigi að koma til móts við þá skyldu.

Adams sagði t.d. vera mjög mikla umræðu um það í Hollandi hvort hollenskar símfóníuhljómsveitir hafi skyldu gagnvart hollenskum tónskáldum og þetta séu allt saman spurningar sem þurfi að svara.

Hollendingar hafa þegar nokkra reynslu að gerð samstarfssamninga og sagði Adams mikilvægasta verkefnið framundan í hollenskri menningarstjórnsýslu vera að þróa þessa aðferð enn frekar.

Skoða þurfi frekar eðli slíkra samninga, hvernig þeir séu gerðir og fram settir, hvernig stofnanir framfylgi ákvæðum þeirra og ekki síst hvaða viðmiðanir stjórnvöld noti til þess að ákvarða hvort ákvæðum sé framfylgt.

Í einkasamtali sagði hann mér að þegar hafi, í nokkrum tilvikum, reynt á slíka samninga, þ.e. nokkrar smærri liststofnanir hafi ekki virt ákvæði samninga og þeir hafi ekki verið endurnýjaðir.

ADRIR RÆÐUMENN

Fjölmargar aðrar ræður voru fluttar á ráðstefnunni og mun vera hægt að nálgast þær þegar lokaskýrsla hennar verður gefin út. Nokkuð stór hópur fólks frá Austur-Evrópu var með innlegg og var greinilegt að nokkur ótti ríkir um að þau lönd sem ekki hafa sótt um inngang í Evrópusambandið eða munu þurfa að bíða inngöngu, verði ekki veittur aðgangur að menningarsamstarfi sambandsins. Setningar eins og „There should be no Schengen in culture“ heyrðust víða. Karlar og konur voru sammála um, sama frá hvaða landi þau komu, að samfara sameiningu í Evrópu og stækkun Evrópusambandsins væri ekki nóg að ræða fjárhagslegar, félagslegar og pólitískar afleiðingar og áhrif heldur væru þau menningarlegu ekki síður mikilvæg.

Listræn og menningarleg sköpun væri ekki háð pólitískum landamærum og það væri styrkur. „Sönn menningarleg Evrópa“ gæti ekki viðurkennt skiptingu Evrópu í Evrópusambandslönd og önnur. Evrópusambandið ætti því að byggja menningarstefnu sína á „þan“ evrópskum forsendum.

VINNUHÓPAR

Þrír vinnuhópar störfuðu á ráðstefnunni og tók ég þátt í starfi vinnuhóps nr. 1 sem fjallaði um samband og samskipti menningarstjórnsýslu, liststofnana og listamanna og með hvaða hætti færa má þau til betri vegar.

Í þeim hópi voru auk mín:

Stjórnandi: Cornelia Dumcke, menningarráðgjafi, Berlín, Þýskalandi

Talsmaður: Michael Wimmer, Austrian Culture Service, Vín, Austurríki

Aðrir þátttakendur:

Melle Damen, forstöðumaður Mondriaan sjóðsins, Amsterdam, Hollandi

Kazimierz Krzysztofek, Menningarstofnun Póllands, Varsjá, Póllandi

Theodoor Adams, deildarstjóri, Hollenska menntamálaráðuneytinu, Amsterdam, Hollandi

Viktor Antonow, aðstoðarmeningarmálaráðherra Rússlands, Moskvu, Rússlandi,

Ursula Cetinski, Cankarjec dom leikhúsinu, Lúblíana, Sólveníu

Eva Hermannova, Þjóðleikhús Póllands, Varsjá, Póllandi

Albert Kos, Menningarnefnd Slóveníu, Lúblíana, Sólveníu

Anne Julie Schmitt Jensen, Danska menningarmálaráðuneytið, Kaupmannahöfn Danmörku

Slobodan Snajder, rithöfundur, Zagreb, Króatíu

Rein Veidemann, Eistneska menntamálaráðuneytið, Tallinn, Eistlandi

Hópvinnan fór fram í tveimur hlutum, föstudag og laugardag.

Fyrri daginn fóru fram almennar umræður en ljóst var að erindi Theodoor Adams fyrr um morguninn var ofarlega í huga margra. Landi hans, Melle Damen, forstöðumaður eins helsta myndlistarsjóðs Hollendinga, var með stutt innlegg í upphafi hópumræðunnar þar sem hann lýsti hvernig opinberum framlögum til menningarmála væri í dag varið. 20 af hundraði fjármagns væri varið í gegnum ýmsa hálfopinbera sjóði en 80 af hundraði varið beint frá ráðuneytinu til ýmissa stærri og smærri stofnana. (sjá meðfylgjandi ljósrít af glærum).

Damen sagði árangurinn af rekstri sjóðanna góðan og mikil umræða væri nú í Hollandi um að styrkja þá, þ.e. auka þeirra hlut í úthlutun opinbers fjármagns til menningarmála.

Fólki varð tíðrætt um samstarfssamninga og sagði Damen m.a. að sterk rök væru fyrir því að fela sjóðum gerð slíkra samninga þar sem þeir væru betur í stakk búnir til þess að meta mikilvægi ýmissa verkefna sem sótt væri um fjármagn til heldur en stór ráðuneyti sem oft væru þunglamaleg og gamaldags í hugsun en auk þessa væru einstakir ráðuneytisstarfsmenn einfaldlega of störfum hlaðnir til þess að þeir gætu sett sig inn í mál einstakra menningarstofnana nægjanlega vel.

Í þessu sambandi voru flestir sammála um að ekki væri nóg að gera öðrum samningsaðilanum, þ.e. menningarstofnunum, að standa við ýmis ákvæði samninga heldur yrðu stjórnvöld einnig að sýna fram á að þau gætu staðið við sinn hlut eins og t.d. að vera fær um að sinna eftirlitsskyldu og að í ráðuneytum eða innan sjóða væri nægjanleg þekking til að fara með málefni menningarstofnana, listhópa eða annarra.

Vert að nefna að eins konar hliðarástæða fyrir því að þessi ráðstefna var haldin er að mikil umræða fer nú fram í Austurríki um þörf þess að breyta og umbylta í raun opinberri stjórnsýslu í Austurríki, á sviði menningarmála sem og öðrum sviðum en um þetta er alls ekki samstaða. Breytingarsinnar segja að opinber stjórnsýsla hafi nánast ekkert þróast á þessari öld og hún sé gamaldags, þung í vöfum og hræðilega íhaldssöm. Samtökin Kulturkontakt tilheyra þessum hóp og litu forsvarsmenn þeirra á ráðstefnunna sem mikilvægt innlegg í þessa umræðu í Austurríki.

Í hópnum var enginn ágreiningur um mikilvægi samstarfssamninga en þeir væru ekki eini lykillinn að vanda menningarstjórnsýslu í Evrópu. Í heildina virtist fólk sammála um að úreilt vinnubrögð væru mjög ríkjandi í þessum geira, jafnt hjá menningarstofnunum sjálfum sem stjórnvöldum þó svo auðvitað væru þar undantekningar á.

Nokkuð var rætt um nýja stjórnhætti eða svokallaða _ New Public Management“ og fór svo að stjórnandinn lagði til að hvert okkar ynni heimavinnu og legði fram hugmyndir daginn eftir um breyttar aðferðir í menningarstjórnsýslu.

Þær hugmyndir voru margvíslegar og sumar hverjar mjög keimlíkar. Tillögurnar má sjá í stykkorðaforni í meðfylgjandi fylgiskjölum frá vinnuhópum en ég tel ástæðu til að skýra frekar nokkrar þeirra.

Ég hef þegar fjalla um samstarfssamninga en auk þess sem þegar hefur verið sagt lagði Theodoor Adams áherslu á að ekki væri nóg að gera samninga það þyrfti einnig að kenna fólki að gera raunhæfar fjárhagsáætlanir og ekki síður að kunna að meta árangur að samningum og áætlunum eftir á.

Hann sagði mikilvægt að svokallað „arm's length principle“ sé viðhaft, þ.e. að stjórnvöld komi ekki sjálf að eftirliti heldur sé búinn til eins konar milliliður, sjálfstæð eftirlitsnefnd, skipuð óháðum aðilum. Þess má geta að nú er unnið að verkefni innan Evrópuráðsins sem skoðar um hvernig best sé að koma slíku í kring.

Fulltrúi danska menntamálaráðuneytisins, Anne Julie Schmitt Jensen, sagði frá tveimur aðferðum sem beitt er í Danmörku.

Danir hafa um nokkurra ára skeið haft starfsmannaskipti milli menningarstofnana og ráðuneytisins í því skyni að auka skilning fólks á starfi hvers annars. Jensen sagði reynsluna af þessu góða. Samskipti og samvinna fólks væri skilvirkara og frjórra. Önnur hugmynd sem hún lagði fram og Danir hafa reynt er að koma á fót er svokölluðum „reynsluhópum“, þ.e. starfsmenn menningarstofnana og ráðuneyta hafa myndað hópa sem hafa tiltekin verkefni sem unnið er að. Þessir hópar hafa, að nokkru leyti, tekið yfir hlutverk nefnda sem áður voru skipaðar um hin ýmsu mál. Mikil vinna er lögð í að velja saman „rétt“ fólk, fólk sem þekkest og vinnur vel saman.

Undirrituð lagði áherslu á að samhliða gerð menningarstefnu yrði einnig að gera raunhæfar framkvæmdaáætlanir í menningarmálum til 4-5 ára svo stefnan væri ekki aðeins orðin tóm. Samhliða auknu samstarfi stofnana og ráðuneytis ætti einnig að auka samstarf milli menningarstofnanna sjálfra og ólíkra listgreina.

Liststofnanir væru oft á tíðum einangraðar og þrátt fyrir heilbrigða samkeppni væru margvísleg svið sem ólíkar stofnanir gætu, ef viljinn er fyrir hendi, unnið saman á. Einnig væri vert að efla endurmenntun menningarstarfsmanna og það væri verkefni sem liststofnanir gætu unnið sameiginlega að.

Fjöl margar hugmyndir komu fram um skipan stjórna eða ráða liststofnana. Taldi fólk að skipunartími stjórnenda og stjórnarmanna ætti að vera takmarkaður, einn þriðji nefndarmanna ætti að vera undir fertugu, gæti þyrfti jafnræðis milli kynja og ekki síst að gæta þyrfti þess að kúltúrbúrókratar og hagfræðingar yfirtækju ekki liststofnanir.

Talsmaður vinnuhóps nr. 2 sem einnig fjallaði um samband og samskipti liststofnana og ráðuneyta sagði starfið í hópnum hafa verið mjög erfitt vegna slægrar mætingar. Hópurinn skilaði engum beinum tillögum en umræðupunkta þeirra má sjá í fylgiskjali.

Vinnuhópur nr. 3 sem fjallaði um menntun, kennslu og hæfni í opinberri menningarstjórnsýslu skilaði góðri skýrslu sem er meðfylgjandi.

Hópurinn lagði m.a. áherslu á að búa þyrfti til evrópsk kennslugögn fyrir menningarstarfsmenn á öllum sviðum, koma á starfsmannaskiptum milli liststofnana og ráðuneyta í Evrópu og koma á fót „training for trainers“ eða endurmenntunarnámskeiðum fyrir þá sem þjálfar fólk í menningargeiranum.

HUGLEIÐING UM ÍSLAND

Ég hef við gerð þessarar skýrslu velt því mikið fyrir mér hvaða lærdóm við hér heima getum dregið af þessari ráðstefnu og hvaða hugmyndir við gætum nýtt okkur. Menntamálaráðuneytið hefur þegar hafið gerð samstarfssamninga við liststofnanir og tel ég mikilvægt að þróa þá vinnu frekar og efla til muna.

Hollendingar virðast komnir vel á veg með að þróa þessa aðferð og væri ekki úr vegi að leita í smiðju þeirra.

Slíka samningagerð má nota til þess að endurskipuleggja starf liststofnana sem og ráðuneytis, bæta vinnuaðferðir, skilvirkni og skipulag.

Íslenskar liststofnanir og ráðuneyti eru faliðuð, sem gerir okkur erfitt fyrir, en þó tel ég að með nýrri hugsun og bætum aðferðum mætti víða gera a.m.k. lítil kraftaverk.

Umhugsunarvert er hvernig tryggja má hið svokallaða „arm's length principle“ í fámenninu hér á Íslandi.

Ef koma ætti á eftirlitsnefnd með samstarfssamningum þarf að spyrja hvaða aðili sé „nógu hlutlaus“ til þess að taka það hlutverk að sér.

Sú skoðun hefur ríkt að besta leiðin til þess að tryggja faglega umræðu um t.d. umsóknir um fjármagn til liststarfsemi sé að fagfólk úr tilteknum listgeira fjalli um þær. Hins vegar má spyrja hvort hagsmunatengsl þessa sama fólk komi ekki oft í veg fyrir að sú sama umræða sé í raun fagleg.

Hvaða staðlar eru notaðir til þess að ákvarða hvers vegna einn listhópur eigi t.d. að njóta styrkja frekar en annar? Eru slíkir staðlar eða mælikvarðar til eða eru ákvarðanir e.t.v. aðeins byggðar á persónulegum skoðunum þeirra sem úthluta? Ég tel mjög nauðsynlegt að málefnaleg umræða fara fram um þessi mál hér á landi.

Efla þarf upplýsingaflæði og samstarf milli stofnana, ráðuneytis, listamanna og annarra sem að menningu og listum koma. Tel ég vert að skoða hvort koma megi á starfsmannaskiptum að einhverju tagi, líkt og getið var um hér að ofan.

Íslenskar liststofnanir þurfa að taka sig verulega á hvað varðar notkun á nútíma upplýsingatækni. Sem dæmi má nefna að ekkert íslenskt leikhús hefur, svo ég viti, lokið gerð heimasíðu þar sem hægt er að panta miða og aðeins eitt þeirra auglýsir netfang í dagblöðum. Íslenskt menningarlíf og menningarstarfsmenn gætu líka notað netið til þess að efla umræðu og samstarf. Skýrslur sem þessi gætu með þeim hætti borist milli manna sem og aðrar upplýsingar, hugleiðingar

og hugmyndir. Ég hef skilað skýrslunni á diskum en læt ráðuneytinu eftir að dæma hvort hún fer á netið.

Mjög brýnt er efla endurmenntun menningarstarfsmanna hvort sem er í ráðuneytum, liststofnunum eða annars staðar, sem og listamanna sjálfra. Í Evrópu er nú þegar boðið upp á fjölmarga slíka möguleika og tel ég að þeir muni aukast á næstu árum. Þar er bæði um að ræða stutt námskeið sem efnt er til á hverju ári sem og lengra nám.

Ég tel brýnt að sá hópur sem hefur þekkingu á evrópskum stefnum og straumum í menningu stækki og ætti ekki síst að líta til ungs fólks í því sambandi. Sjálf fékk ég tækifæri til þess að sækja þessa ráðstefnu og vil þakka það og vona að för mín verði að gagni.

LOKAORÐ

Greinilegt er að í flestum löndum Evrópu er talin mikil þörf á að bæta stjórnarsýslu á sviði menningar, efla menntun og auka samskipti milli landa, borga, héraða, stofnana og einstaklinga.

Lönd eru komin mislangt á veg í þeim efnum og t.d. augljóst að ríkin í Austur-Evrópu eru mun verr í stakk búin til þess að takast á við slíkar breytingar.

Fulltrúi Albaníu á ráðstefnunni, bað um orðið undir lok ráðstefnunnar. Hann sagðist hafa hlustað af athygli á umræður en um leið velt því fyrir sér hvaða hugmyndir hann gæti nýtt sér. Heima í Albaníu væru nefnilega engar liststofnanir starfandi, leikhúsin væru lokuð og ráðuneytið væri lamað vegna fjárskorts. Það væri ekki til neins að tala um sameiginlega evrópska menningarstefnu ef sú umræða ætti aðeins að taka mið að stöðu mála í Vestur-Evrópu.

Menn líta til Evrópusambandsins um að taka forystu í þessum efnum en ég tel að einstök lönd geti ekki síður haft áhrif. Ísland er þar ekki undanskilið.

Austurríkismenn, sem héldu ráðstefnuna, fara nú með forsæti í Evrópusambandinu og var á þeim að heyra að niðurstöður ráðstefnunnar hefðu verið þeim mjög að skapi. Þær verða kynntar á ráðherrafundi sambandsins í Linz nú í haust.

Mjög spennandi tímar eru framundan í evrópskri menningarumræðu. Menningarlífið þarf á breyttum aðferðum og nýjum stjórnarháttum að halda og tel ég það af hinu góða. Það er okkar að sjá til þess að nýir stjórnarhættir verði til þess að efla og styrkja listir og menningu í Evrópu í upphafi nýrrar aldar.

Reykjavík, 21. ágúst 1998

Ása Richardsdóttir

Skýringar:

- (1) Kulturkontakt eru sjálfstæð samtök sem stofnuð voru upp úr árinu 1989 þegar landamærin til austurs opnuðust. Þau njóta stuðnings austurríska kanslaraembættisins og menntamálaráðuneytisins og standa fyrir margvíslegum verkefnum sem ætlað er að stuðla bættri menntun, skilningi og samskiptum í Evrópu.
- (2) Drago Jancar er rithöfundur í Slóveníu. Hann hefur unnið til fjölda alþjóðlegra verðlauna og er mest þýddi rithöfundur Slóvena.
- (3) Theodor Adams er deildarstjóri þeirrar deildar sem fjallar um menningarstefnu í hollenska menntamálaráðuneytinu. Hann hefur tekið þátt í verkefni Evrópuráðsins sem ætlað er að meta menningarstefnur í mismunandi ríkjum.
- (4) Simon Mundy er rithöfundur frá Wales og starfar einnig sem ráðgjafi í menningarmálum, bæði í heimalandi sínu og í Evrópu.

